

Smitsjúkdómar barna

Hér kemur gátlisti sem leiðbeinir um hvenær veik börn eiga ekki að koma í leikskólann. Vonast er til að gátlistinn svari spurningum foreldra og starfsmanna leikskóla.

Barn á ekki að koma í leikskólann ef:

- Barnið er með hita
- Barnið er með kvef, hósta og að minnsta kosti eitt af eftirtöldum einkennum til viðbótar; slappleika, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki og/eða niðurgang.

Veikindi leikskólabarna:

- Barn skal sótt í leikskólann ef heilsufar þess breytist; barnið fær hita yfir 38°C og flensulík einkenni.
- Leikskólabörn skulu að jafnaði vera hress og hitalaus í að minnsta kosti sólarhring, áður en þau koma aftur í leikskólann.

Leitið ráðgjafar hjá heilsugæslu,

- Ef vafi leikur á því hvort barnið ætti að fara í leikskólann.

Það er réttur barna að vera heima þegar það er veikt, t.d. með hita eða almenna vanlíðan. Veikt barn getur smitað önnur börn sem kallar á fjarvistir bæði barna og foreldra. Einnig eru líkur á að starfsfólk geti smitast.

Hitalaus = miðast við <38°C við endaparmsmælingu eða <37,5°C við munn-, ennis, eða eyrnamælingu.

Smitsjúkdómar barna (tafla)

Yfirlit yfir helstu smitsjúkdóma barna

Viðmið fyrir foreldra og starfsfólk.

Sjúkdómur	Meðgöngutími	Smithætta frá	Smitahætta þangað til	Hvenær má barnið mæta aftur
Augnsýking	ca. 1 -3 dagar	Augað er rautt og umgjörð bólgín, gröftur í augum		Þegar gröftur er hættur að myndast, oft einum sólarhring eftir að sýklameðferð er hafin.
Gröftur í augum í tengslum við kvef	Í tengslum við kvef	Einstaka gröftur í augnkrók, mest eftir svefn. Auga ekki rautt eða bólgíð. Smitar ekki.		Má mæta þrátt fyrir augneinkenni.
Eyrnabólga		Staðbundin miðeyrnabólga er ekki smitandi		Barnið er hitalaust og líður vel.
Eyrnabólga (vökvilekur frá eyrum)	Oft fylgikvilli öndunarferasýkingar	Örsjaldan inniheldur vökvinn bakteríur sem geta smitað		Veltur á því hvort barnið sé með kvef eða önnur einkenni sem gætu smitað.
Fimmta veikin (parvovirus B19)	1 – 2 vikur	Nokkrum dögum áður en útbrot koma fram	Útbrotin eru komin fram. (Getur verið varasöm þunguðum konum, sérstaklega á fyrsta hluta meðgöngu).	Barnið hitalaust og líður vel.
Flökkuvörtur	1 vika – 6 mánuðir	Vörtur sjást	meðferð er hafin	Engin takmörk.
Frunsa	2 – 12 dagar	Blöðrur myndast	Blöðrur eru þurrkaðar upp	Engin takmörk
Hand-, fót- og munnsjúkdómur	3 – 8 dagar	Upphafi sjúkdóms	Útbrot horfin	Barnið hitalaust og líður vel. Útbrot í rénum.
Hlaupabóla	2 – 3 vikur	Viku eftir smit og nokkrum dögum áður en útbrot koma fram	5 dögum eftir að útbrot koma fram eða ekki nýjar bólur í 2 daga og bólur orðnar þurrar	Bólur orðnar þurrar eða eftir 5 – 7 daga

Inflúenza	1 – 5 dagar	Einum sólarhring áður en einkenni byrja	Barnið orðið einkenna- og hitalaust	Barnið hitalaust og líður vel
Kossageit	1 - 3 dagar	Vökvi lekur frá sárum	Sárin orðin þurr og skorpurar detta af eða eftir sólarhring á sýklalyfjum	Þegar sárin eru gróin og skorpurar detta af eða eftir sólarhring á sýklalyfjum
Kvef, hálsbolga og veirusýkingar	1 – 7 daga	Sólarhringi áður en einkenni byrja	5 daga eftir upphaf einkenna	Barnið hitalaust og líður vel
Lús	2 – 8 vikur	Smiti	Þar til meðferð er hafin	Þegar meðferð er hafin
Mislingabróðir (exanthema subitum)	1 – 2 vikur	Óþekkt	Óþekkt	Barnið hitalaust og líður vel
Niðurgangur og ælupest	Einhverja daga	Upphaf niðurgangs eða uppkasta	Ekki lengur niðurgangur og uppköst eru hætt	2 dögum eftir að niðurgangur og uppköst eru hætt og barni líður annars vel
Njálgur	2 – 6 vikur	2 vikum eftir smit	Meðferð hafin	Engin takmörk eftir að meðferð er hafin
Streptókokka hálsbólga og skarlatsótt	1 – 3 daga	Frá því að barnið smitast	Einum sólarhringi eftir að sýklameðferð er hafin	Einum sólarhringi eftir að sýklameðferð er hafin og barninu líður annars vel
Sveppasýking í húð	Vikur	Útbrot koma fram	Meðferð hafin. Mjög lítil almenn smithætta.	Engin takmörk
Vörtur	2-3 mánuðir	Vörtur koma fram	Meðferð hafin	Engin takmörk

Munum að leikskólar eru ætlaðir frískum börnum sem eru tilbúin til að takast á við störf dagsins. Veikist barnið skal það dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í 1-2 sólarhringa. Þegar barnið kemur aftur í leikskólann eftir veikindi á það að vera tilbúið til að taka þátt í öllu starfi leikskólans jafnt úti sem inni.